



Gjaldskrár Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2026

Gjaldskrá fyrir leikskóla	2026
Almennt tímagjald pr. klukkustund milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð	4.410
Almennt gjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-16:30 pr. mánuð	2.070
Forgangstímagjald pr. klst. milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð	3.089
Forgangsgjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-16:30 pr. mánuð	1.450
Hádegismatur kr. pr. mánuð	7.585
Morgunhressing pr. mánuð	2.615
Síðdegishressing pr. mánuð	2.615
Gjald fyrir dvöl umfram umsaminn vistunartíma pr. hverjar byrjaðar 15 mínútur	3.230

(Heimilt er að innheimta aukagjald ef dvöl fer fram yfir umsaminn vistunartíma)

Afslættir og forgangsgjald

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra.

Veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi er: 30% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu. Ef barn er á leikskóla og systkin þess á Frístundaheimili er afsláttur veittur af Frístundaheimilisgjaldinu.

Forgangsgjald er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og fyrir börn námsmanna, báðir foreldrar þurfa að vera í fullu námi. Afsláttur af dvalargjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

Sækja þarf um afsláttinn til sviðsstjóra á netfangið velferd@olfus.is fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september og 6.janúar ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.